

- 51 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt
21. maí lögum nr. 17, 1. febr. 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. maí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

- 52
24. maí

REGLUGERÐ

um eftirlit með útlendingum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. Um komu útlendinga til landsins.

1. gr.

Hver erlendur ríkisborgari, sem kemur til Íslands, skal hafa vegabréf nema öðruvísi sé ákveðið með samningum við önnur ríki. Á þetta einnig við þá erlenda ríkisborgara, sem búsettir eru hér á landi, en fara utan og koma hingað aftur. Hins vegar gildir það ekki um þá, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og geta sannað ríkisfang sitt með öðrum heimildarskjölum eða á annan hátt.

Ef maður og (eða) eiginkona og börn þeirra undir 16 ára aldri ferðast saman, er þeim heimilt að nota sameiginlegt vegabréf.

Dómsmálaráðuneytið getur í einstökum tilfellum heimilað notkun sameiginlegs vegabréfs fyrir hópferðir, félög og aðra, sem ferðast í félagi.

Dómsmálaráðherra getur þó með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem þurfa þykir, undanþegið frá framangreindum ákvæðum þá ferðamenn, sem koma til landsins snögga ferð, enda færi þeir sönnur á, að þeir ætli úr landi með næstu ferð þess skips, er þeir komu með.

2. gr.

Í vegabréfi skal greina: Fullt nafn viðkomanda, stétt eða atvinnu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, ríkisborgararétt, sérkenni og til hvaða tíma vegabréfið gildir.

3. gr.

Í vegabréfi skal vera nýleg og lík ljósmynd af viðkomanda stimpluð með embættisstimpli þess yfirvalds, sem gefið hefir vegabréfið út. Skal stimplað þannig, að nokkur hluti stimpilsins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Viðkomandi skal rita nafn sitt á vegabréfið með eigin hendi og ber útgefanda vegabréfsins að votta á það, að svo hafi verið gert.

Er eiginmaður og eiginkona ferðast með sameiginlegt vegabréf, skulu í vegabréfinu vera myndir af þeim báðum og aðrar upplýsingar um hvort þeirra um sig sem í venjulegum vegabréfum. Séu börn undir 16 ára talin á vegabréfi foreldra eða foreldris, er nægilegt að tilgreina nöfn og aldur barnanna.

Ekki má nein leiðrétting vera í texta vegabréfs.

4. gr.

52

Vegabréf skal vera á íslenzku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, þýzku, 24. maí
spönsku eða ítölsku eða hafa að geyma þýðingu á eitthvert fyrgreindra mála.

5. gr.

Danskir ríkisborgarar, sem ferðast til Íslands, þurfa ekki vegabréf, ef þeir á
annan hátt geta fært fullar sönnur á ríkisborgararétt sinn.

Þá mega ríkisborgarar Bandaríkja Norður-Ameríku og Canada, sem fæddir
eru á Íslandi, ferðast til Íslands, enda þótt þeir hafi ekki vegabréf, ef þeir hafa
ríkisborgarabréf heimalandsins svo og kennivottorð (identitetscertificat) og sé í
kennivottorðinu tilgreint fullt nafn viðkomanda, aldur og fæðingarstaður. Enn-
fremur sé ljósmynd af viðkomanda fest á kennivottorðið og á það rituð eigin-
handar undirskrift hans, staðfest af notario publico.

Loks er ríkisborgurum Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem ferð-
ast hingað til lands, nægilegt samkvæmt samningi milli Íslands og nefndra ríkja,
að hafa norrænt ferðaskírteini („Nordisk Rejsekort“) sem kenniskjal í stað vega-
bréfs, nema þeir komi hingað í atvinnuleit. Ferðaskírteini þessi gilda í sex mánuði
frá útgáfudegi.

6. gr.

Með þeim undantekningum, sem greindar eru í 8. gr., skal vegabréf vera með
staðfestingararitun (visum) sendiherra þess eða ræðismanns, sem á viðkomandi
stað erlendis fer með mál Íslands.

Ræðismenn aðrir en sendiræðismenn geta því aðeins staðfest vegabréf, að þeir
hafi fengið sérstaka heimild til þess.

7. gr.

Ef erlendir ríkisborgarar, sem fara af landi burt, óska að nota vegabréf sitt
við komu til Íslands aftur, skulu þeir fá heimild dómsmálaráðuneytisins til þessa
áritaða á vegabréfið (returvisum), nema því aðeins að þeir njóti undanþágu 8. gr.
í þessu efni.

8. gr.

Reglur 6. og 7. gr. taka ekki til ríkisborgara þeirra landa, sem hafa samninga
við Ísland um undanþágu að nokkru eða öllu leyti frá því, að vegabréf skuli vera
með staðfestingararitun (visum) íslenzks sendiherra eða ræðismanns.

Sé undanþága ekki alger að því er eitthvert land snertir, verður ríkisborgari
þess lands, sem kemur til Íslands með óstaðfest vegabréf, að sanna, að skilyrði til
undanþágu séu fyrir hendi, að því er hann snertir.

Dómsmálaráðherra getur með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu eða bréfum til
viðkomandi eftirlitsmanns vegabréfa ákveðið, að ríkisborgarar ákveðinna ríkja skuli
undanþegnir því að fá staðfestingararitun á vegabréf sín.

9. gr.

Áhafnir skipa og loftfara, sem koma hingað til landsins, skulu að jafnaði hafa
vegabréf í samræmi við reglugerð þessa, en eigi þurfa þau að vera með staðfest-
ingararitun samkvæmt 6. gr. Brezkum sjómönnum nægir að hafa í stað vegabréfs
hin svokölluðu „Identity and Service Certificates“ og „Certificates of Discharge“.

10. gr.

Hver, sem kemur til landsins í atvinnuleit eða til þess að fara í atvinnu og ekki
er íslenzkur ríkisborgari, skal auk vegabréfs hafa meðferðis skilríki, sem sanna,
að hann hafi fengið leyfi hjá atvinnumálaráðuneytinu til að stunda hér atvinnu.

52

24. maí

11. gr.

Hver, sem kemur til landsins, skal tafarlaust gefa sig fram hjá viðkomandi eftirlitsmanni vegabréfa eða hjá lögreglunni, þar sem hann fyrst kemur á land, og sýna vegabréf sitt, ef honum er skylt að hafa vegabréf. Jafnframt skal hann gefa allar þær upplýsingar, sem viðkomandi yfirvöld krefjast. Erlendir ríkisborgarar, sem koma til landsins í atvinnuleit eða til þess að fara í atvinnu, skulu ótilkvaddir gefa fyrgreindum yfirvöldum upplýsingar einnig um þessi atriði og færa jafnframt sönnur á, að þeir hafi fengið atvinnuleyfi hjá atvinnumálaráðuneytinu. Þetta undanþiggur þá þó ekki tilkynningarskyldu samkv. 5. gr. laga nr. 59 frá 1936, um eftirlit með útlendingum.

12. gr.

Hverjum þeim, sem kemur til landsins, án þess að hafa fullnægjandi vegabréf eða annað kennivottorð, þegar slíkt bréf er nægilegt (sjá 1. sbr. 5. og 9. gr.) eða með óstaðfest vegabréf, er staðfestingaráritun (visum) er fyrirskipuð (sjá 6. og 7. sbr. 8. gr.) eða gegn ákvæðum 10. gr. kemur til landsins í atvinnuskyni, án þess að hafa aflað sér atvinnuleyfis eða hefir á annan hátt eigi gætt fyrir mæla þessarar reglugerðar, skal að jafnaði vísað úr landi (neitað um landgönguleyfi).

13. gr.

Framangreindar ákvarðanir taka ekki til sendiherra erlendra ríkja, starfsmanna erlendra sendisveita eða fjölskyldna þeirra.

Hinsvegar gilda ákvæði reglugerðar þessarar um hraðboða (kurerer) jafnt diplomatískra sem aðra, nema því aðeins að þeir séu frá landi, sem gagnkvæmir samningar hafa verið gerðir við um undanþágu í þessum efnum.

Allir hraðboðar skulu hafa meðferðis kennivottorð, sem sýni að þeir séu hraðboðar, skýrslu viðkomandi yfirvalda um þann farangur, sem þeir flytja með sér sem hraðboðar, svo og skýrslu um þyngd farangursins, sem sé tiltekin í kg.

II. Um staðfestingaráritun (visum) á vegabréf.

14. gr.

Hver, sem sækir um staðfestingaráritun (visum) í því skyni að ferðast til Íslands, skal hafa vegabréf eða kennivottorð, sem fullnægir þeim kröfum, sem gerðar eru til slíks skjals.

15. gr.

Umsókn um staðfestingaráritun skal að jafnaði vera í tvíriti (in duplo) og skal umsækjandinn undirrita bæði eintökin.

Í umsókninni skulu vera fullnægjandi upplýsingar um, hver umsækjandinn sé, hver tilgangurinn sé með ferðinni, hve lengi hann ætlar sér að dvelja hér á landi, og ef unnt er til hvaða staðar eða staða í landinu hann ætlar sér að fara, og hverja hann ætlar sér að heimsækja eða snúa sér til.

16. gr.

Staðfestingaráritun getur tekið til einnar ferðar til landsins eða til fleiri ferða á allt að 1 árs tímabili.

17. gr.

Sé umsækjandinn ríkisfangslaus eða leiki vafi á því, hvar hann eigi ríkisfang, má staðfestingaráritun því aðeins fara fram, að yfirvöld í dvalarlandinu eða öðru landi hafi ritað á vegabréf hans eða kennivottorð samþykki til endurkomu til þess

lands (returvisum). Gildi þessa samþykkis til endurkomu skal ná svo langt fram í 52
tímann, að það gangi í fyrsta lagi úr gildi 3 mánuðum síðar en umsækjandinn ætlar 24. maí
að koma til landsins, og skal miðað við síðustu ferð, ef um fleiri ferðir er að ræða.

18. gr.

Hafi staðfestingaráritun farið fram, skal tafarlaust senda dómsmálaráðuneytinu annað eintak umsóknarinnar, með áritun um það, hvenær staðfestingaráritunin hefir átt sér stað. Þetta er þó ekki nauðsynlegt, ef augljóst þykir, að einungis sé um skemmtiferð að ræða.

19. gr.

Í eftirfarandi tilfellum skal leitað samþykkis dómsmálaráðuneytisins áður en staðfestingaráritun fer fram:

1. Þegar umsækjandinn er ekki búsettur í umdæmi þess yfirvalds, sem staðfestingaráritunar er beiðt hjá. Undanþegin þessari reglu eru þó þau tilfelli, er umsækjandinn er í slíkri stöðu, að sérstök ástæða þykir til að hraða afgreiðslu staðfestingaráritunarinnar, svo og tilfelli, þegar ekkert virðist varhugavert við að láta hana í té.
2. Þegar ástæða er til að ætla, að umsækjandinn muni valda landinu einhverskonar óþæginda, að ferð hans beinist gegn eða fari í bága við íslenska hagsmunum, að tilgangur hans muni vera stjórnmálalegur áróður hér á landi, að koma hans til landsins muni gefa ástæðu til slíks áróðurs eða hún af öðrum ástæðum megi teljast óheppileg frá sjónarmiði íslenskra hagsmuna.
3. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir ákveðið, að maður megi ekki fá staðfestingaráritun, nema með samþykki þess.
4. Þegar heimild viðkomandi yfirvalds til þess að láta staðfestingaráritun í té hefir með sérstökum fyrirmælum verið takmörkuð, frekar en gert er í þessari reglugerð.

Samþykkis atvinnumálaráðuneytisins skal leitað áður en staðfestingaráritun er veitt, þegar tilgangur umsækjandans með ferðinni er að leita eða fara í atvinnu hér á landi eða líklegt þykir, að tilgangur ferðarinnar sé slíkur.

20. gr.

Viðkomandi yfirvald getur synjað um staðfestingaráritun, ef það telur ástæðu til, en skjóta skal málinu þó til dómsmálaráðuneytisins, ef umsækjandinn óskar þess.

21. gr.

Þegar umsókn um staðfestingaráritun er lögð fyrir dómsmálaráðuneytið, má hvort heldur sem er senda hana beint til ráðuneytisins eða fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins. Komi ástæða til neitunar um staðfestingaráritun ekki fram í umsókninni skal ávallt láta upplýsingar um þær fylgja henni til ráðuneytisins.

22. gr.

Eigi má láta staðfestingaráritun í té án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, nema það í hverju einstöku tilfelli verði talið áhættulaust með öllu. Viðkomandi yfirvöld verða að hafa það hugfast, að það er mjög mikilsvert, að persónur, sem ekkert réttmætt erindi eiga eða sem vandræði geta stafað af á einhvern hátt, komi ekki til landsins. Áður en beiðni um staðfestingaráritun er afgreidd, skulu því viðkomandi yfirvöld rannsaka málið eftir því sem við á og leita í því efni aðstoðar og upplýsinga hjá lögreglunni, ef þörf krefur. Meðal annars ber að athuga það, hvort umsækjandanum hefir áður verið vísað úr landi, og skal dómsmálaráðuneytið í því skyni láta viðkomandi yfirvöldum í té skrá yfir alla þá menn, sem svo er ástatt um.

52

24. maí

23. gr.
 Staðfestingaráritun vegabréfs (visum) skal vera í þessu formi:
 Staðfestingaráritun nr. Gjald

Gildir fyrir ferð — ferðir

frá

til Íslands tímabilið

Þessi staðfestingaráritun veitir ekki heimild til þess að leita eða ráða sig í atvinnu á Íslandi.

Dagsetning og undirskrift.

III. Um skyldur gistihúsa.

24. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eiginhendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglunni skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni.

25. gr.

Hver sem gerir sér það að atvinnu í kaupstöðum að hýsa gesti og 24. gr. á við um, er skyldur til þess að láta lögreglunni í té eftirrit úr gestabók á eyðublöðum, sem dómsmálaráðuneytið leggur til. Skal eftirritið afhent lögreglunni fyrir hádegi næsta dag eftir að gestur kom.

IV. Um synjun landgönguleyfis og brottvísun úr landi.

26. gr.

Lögreglustjórum og öðrum löggæzlumönnum er skylt að gæta þess, að útlendingar komi ekki inn í landið eða setjist hér að, nema þeim sé það heimilt að lögum. Leiki grunur á því, að koma útlendingis til landsins eða dvöl hans hér brjóti í bága við lög, eða heimilt sé að synja honum landgöngu eða vísa honum úr landi, skulu lögreglustjórar rannsaka það mál tafarlaust og taka ef þörf krefur skýrslu af viðkomandi útlendingi um hagi hans og fyrirætlanir. Telji lögreglustjóri eða löggæzlumaður rétt að meina útlendingi, sem kominn er til landsins, landgöngu, skal hann synja hennar og færa það til bókar. Skjóta má þeim úrskurði til dómsmálaráðuneytisins verði því við komið.

27. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvort útlendingi, sem tekið hefir sér dvöl hér, skuli vísað úr landi (sbr. þó 7. gr. 2. tölulið laga nr. 59 frá 1936), vegna þess að vera hans í landinu brjóti í bága við lög nr. 59 frá 1936 eða reglugerð þessa. Skulu lögreglustjórar og löggæslumenn hafa strangt eftirlit með högum og framferði þeirra útlendinga, sem hér dvelja og tilkynna dómsmálaráðuneytinu tafarlaust, telji þeir réttmætt að vísa einhverjum þeirra úr landi og tilgreina ástæðu.

28. gr.

Lögreglustjórar annast um að brottvísun sé framkvæmd svo fljótt, sem unnt er, er hún hefir verið endanlega ákveðin. Þó má, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, fresta framkvæmdum stuttan tíma, en þó því aðeins, að við það sé ekkert athugavert.

29. gr.

Hafi sá, sem vísað er úr landi, vegabréf eða annað kennibréf, skal rita á það 24. maí athugasemd um brottvisunina.

52

30. gr.

Telji lögreglustjóri það ekki varhugavert, getur hann í einstökum tilfellum leyft þeim, sem vísað hefir verið úr landi, að fara brott af sjálfsdáðum. Eigi að síður getur hann þó ákveðið, að sá sem brott hefir verið vísað fari með tilteknu skipi. Telji lögreglustjóri það hinsvegar athugavert að einhverju leyti að leyfa manni frjálsa brottför af landinu, skal hann fluttur burt og þá undir því eftirliti, sem nauðsynlegt þykir. Brottflutningurinn skal framkvæmdur eins ódýrt og kostur er á.

31. gr.

Þegar útlendingur er fluttur úr landinu eftir brottvisun, skal hann að jafnaði sendur til þess lands, þar sem hann á ríkisfang. Sé ekki kunnugt um ríkisfang hans eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó senda hann til annars lands, og þá fyrst og fremst til þess lands, þar sem hann síðast hefir dvalið áður en hann kom hingað til lands, þar sem hann hefir dvalið lengi. Leiki vafi á því hvert flytja skuli mann, sem vísað hefir verið úr landi, sker dómsmálaráðuneytið úr.

32. gr.

Allur kostnaður, sem af brottvisun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er vísað. Eigi hann peninga eða aðrar eignir, skulu því lögreglustjórar, áður en brottvisunin er framkvæmd, tryggja greiðslu kostnaðar þessa hjá brottvísuðum, að svo miklu leyti sem unnt er. Fáist kostnaðurinn ekki greiddur samkvæmt framansögðu, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

33. gr.

Lögreglustjórar skulu tilkynna dómsmálaráðuneytinu um alla þá, sem vísað hefir verið úr landi eða neitað um landgönguleyfi í umdæmi hvers þeirra um sig, og heldur ráðuneytið sérstaka skrá yfir þá.

34. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. maí 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.